



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra

**„Minn staður er *hér*,
þar sem Evrópa endar”**

Framsaga í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins

„*Hvað er Evrópa?*“

haldin 22. nóvember 2007



Staða Íslands í álfunni

- Viðfangsefni í skáldskap og stjórnámálum: Er Ísland í Evrópu og þá hvernig?
- Hannes Pétursson og Halldór Kiljan Laxness „evrópsk“ skáld
- Jón Baldvin Hannibalsson og Jón Sigurðsson fyrstu „evrópsku“ stjórnálamennirnir?



Organistinn í Atómstöðinni

(1947)

„Þjóðlönd skipta yfirleitt ekki máli, enda er það í senn úngt og úrelt fyrirbrigði að álíta þjóðlönd pólitískar einingar; að rugla saman löndum og stjórnámálum yfirleitt. Rómaveldi var ekki land, heldur sérstök vopnuð siðmenning. Kína hefur aldrei verið land, heldur sérstök mórölsk siðmenning. Kristindómur miðaldanna var ekki land. Kapítalisminn er ekki land. Kommúnisminn er ekki land. Austur og vestur eru ekki lönd. Ísland er aðeins land í landfræðilegum skilningi.“



Ísland eftir Hannes Pétursson (1971)

Minn staður er *hér*, þar sem Evrópa endar
og auðnir hnattarins taka við.
Eldgröf í sæ, með ísbláan múrinn
á aðra hlið.

Örlagastaður sem stundirnar markar.
Hér stendur rötum í gleði og sorg
mitt sveitamannslíf, mín hálgildings hugsun
í hálgildings borg

og er viðspyrna, farg; það fellur hér saman –
flækjuleg reynsla. Hvort nýtist hún mér
til fullnaðarsöngva? Útmörk. Evrópa
endar hér.



Staða Íslands á undanförunum öldum

- Ísland alltaf verið á áhrifasvæði annarra ríkja
- Norskar aldir: 13. og 14. öld
- Enska öldin: 15. öldin (1400-1490)
- Þýska öldin: 16. öldin (1460-1550)
- Danskar aldir: 17.-19.öldin (1550-1904)
- Ameríska öldin: 20. öldin (1941-2006)
- Evrópska öldin: 21. öldin?



Sagan skoðuð: Hverju breytti EES?

- Áhrif EES og ávinningur Íslands
- Um hvað snerust átökin um EES?
- Lifa mótrökin?
- Ný sjálfsmynd í opnu landi



Áhrif og ávinningur af EES aðild frá 1993



EES breytti íslensku samfélagi

- Áhrif fimmtán ára aðildar oft vanmetin
- EES – Lykill að uppgangi á Íslandi
- Gjörbreyting íslensks lagaumhverfis á lykilsviðum
- Öflugara vísinda- og menntunarsamstarf
- Alþjóðavæðing viðskiptalífs



Ávinningur – bætt lagaumhverfi

- Vinnumarkaðurinn
 - Aukin réttarvernd launþega
- Opnar Íslendingum atvinnutækifæri í Evrópu
 - Gagnkvæm viðurkenning starfsréttinda
- Samkeppnisreglur og ríkisstyrkjareglur



Ávinningur - bætt lagaumhverfi

- Neytendamál
 - Neytendalöggjöf vart til fyrir EES
 - Miklar réttarbætur
- Umhverfismál
 - Mikil þróun á sviði umhverfismála
 - Mengunarvarnir, sorphirða, mat á umhverfisáhrifum, eiturefni, skólp, urðun úrgangs, hávaðamengun og útblástur.



Vísinda- og menntamál

- Hefur stuðlað að alþjóðavæðingu háskólasamfélagsins
 - Fleiri nemendur koma nú til Íslands en sækja út
- Þátttaka hefur gengið mjög vel
 - 15.000 Íslendingar hafa með beinum hætti tekið þátt
 - Árangurshlutfall hærra en hjá Evrópuríkjum



Ávinningur – útrás fyrirtækja

- Sömu leikreglur og jöfn samkeppnisskilyrði er lykilatriði
- Reglur EES og frjálst flæði fjármagns hafði í för með sér einkavæðingu og samkeppnisvæðingu
- Tók fyrirtækin nokkur ár að finna stóru tækifærin
- Flóðgáttir opnast, ævintýraleg útrás
 - Dæmi: Gjörbreyttir íslenskir bankar



Umræðan um EES-samninginn



EES-umræðan

- Lengsta umræða í sögu þingsins
- Helstu efnisatriði umræðunnar
 - Vöruviðskipti
 - Fjármagnsfrelsi / þjónustufrelsi
 - Frjáls för fólks
 - Umhverfis- og neytendamál
 - Menntamál og vísindasamstarf
- Fullveldið



Vöruviðskipti - um hvað var samið?

- Tollalækkun á sjávarafurðum
 - Stærsti ávinningurinn að mati flestra
 - Úr 60% í yfir 90% tollfrelsi
 - Saltfiskur – mesta búbótin
 - Auknir möguleikar á fullvinnslu



Vöruviðskipti – andmælin

- Fjárfestingafyrirvarinn
 - Undantekning í útgerð og vinnslu
 - „Útlendingarnir munu laumast bakdyramegin inn“
 - Breyttar aðstæður í dag
- Samningurinn um gagnkvæmar veiðiheimildir
 - „Pappírsfiskur“
 - „Til hvers var barist í þorskastríðinu“
 - „Við munu missa yfirráð yfir fjöregginu“



Fjármagns og þjónustufrelsi - andmæli

- „...landið verður fámennara og fátækara”
- „ Stóru fyrirtækin í stóru ríkjunum eflast og samkeppnisstaða á jaðarsvæðum versnar”
- „Fjármagnsflótti, gjaldeyriskreppa og hrun bankakerfisins”
- „Sá fjármálaráðherra eða viðskiptaráðherra á Norðurlöndum sem stæði upp í dag og segði: Við skulum tengja okkar mynt við gjaldeyrissamstarf Evrópubandalagsríkjanna yrði hleginn út úr þingsalnum.”



Fjármagns- og þjónustufrelsi - andmæli

- **Innrás:**

„ ...er sannfærður um að auðug erlend fyrirtæki munar ekkert um það að kaupa upp Ísland á örskömmum tíma.”

- **En líka útrás:**

„hvers kyns þjónusta og þjónustuviðskipti verða einnig aðgengileg útlendingum og auðvitað fá þeir Íslendingar, sem yfir fjármagni ráða, að leika sér um víðan EES-völlinn, allt frá Gíbraltar og Eyjahafi norður að Nord Kap.”



Fjármagns- og þjónustufrelsi - andmæli

- „ ... ætti Andreotti, þegar hann lætur af embætti á Ítalíu, að eiga sama rétt til að eiga Klett í Borgarfirði og hv. alpm., fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson?”
- „að veita Ítölum, Spánverjum og Þjóðverjum rétt til þess að eignast allar jarðirnar í Þingeyjarsýslu þar sem afi þeirra var körinn fulltrúi bænda til þess að tryggja sjálfstæði og fullveldi íslenskrar þjóðar.”
- „Þá sýnist mér ennþá ótryggt að við getum haldið þessum 350 milljón Evrópubúum frá því að kaupa upp landið okkar.”



Frjáls för fólks – andmæli

- „Að því er stefnt að ganga í fríverslunarbandalag við háþróaðar iðnaðarþjóðir sem hefur það í för með sér að finna verður þúsundum starfandi fólks nýja atvinnu, veita þeim nýja starfsþjálfun auk hinna fjölmennu árganga æskufólks sem stöðugt bætast í hópinn með misjafnlega lélegt veganesti úr skólum landsins.“



Mennta- og vísindasamstarf og neytendavernd – lítil andmæli

- Jákvætt viðhorf til samstarfs á sviði æðri menntunar og vísindamála
- Ávinningur í neytendavernd



Umhverfismál - andmælin

- „óheftur markaðsbúskapur ... sóun í formi eyðingar náttúruauðlinda, tillitsleysi við mannleg verðmæti, sóun og atvinnuleysi.“
- „... frelsi til umhverfisspjalla, frelsi til hagvaxtarfíknar og frelsi til að ganga á náttúruauðlindir...“



Fullveldi - andmæli

- „Erlent samstarf getur orðið hættulegt íslensku fullveldi og sjálfstæði ef íslenskt atvinnulíf er veikt.”
- „...efnahagslegu og menningarlegu sjálfstæði þjóðarinnar [er] fórnað fyrir hugsanlegan skammtímagróða”.
- „Við fengum ekki sjálfstæðið 1944 til að glata því hálfri öld síðar”.
- „Mestu varnaðarorðin voru landvættirnir e.t.v. að flytja okkur í gær þegar himinn og jörð skulfu í þann mund er Alþingi ætlaði að samþykkja EES.”



Fullveldi - andmæli

- „ ...og til hvers var barist við Dani fyrir sjálfstæði og lýðveldi um aldaradur?“
- „ ... setja okkur í spor þeirra Íslendinga sem unnu að því eftir aldalanga áþjón að endurheimta sjálfstjórn í landinu“
- „Virðulegi forseti. Nú er danskur maður með æðstu völd í EB svo við erum óbeint komin undir þeirra yfirráð á ný.“



Fullveldi – hvað er nú það?

„Það var ágætur jesúíti frá Louvain í Belgíu sem birti hér eina athyglisverðustu greinina, upplýstustu greinina sem birst hefur um EES-umræðuna í íslenskum fjölmiðlum á þessu sumri. Og hann sagði: Það er ekkert algjört fullveldi nema hjá guði almáttugum. Sá einn er engum háður sem öllu ræður. Guð er fullvalda en engir aðrir eru algjörlega fullvalda. Þetta eru pottþétt rök hjá jesúítanum. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri.“



Áhrif nýrrar sjálfsmyndar þjóðar í opnu landi



Endurmetum goðsagnirnar

1. Ásælni í land okkar og auðlindir

Samskipti eru beggja hagar

2. Að selja landið

Viðskipti um hvað og hvernig?

3. Garðar Hólm

Menning á heimsmarkaði



Endurmetum goðsagnirnar

4. „Búum að okkar“

Hnattvæðing

5. Áhrifalaust smáriki sem þarf á sérstuðningi
að halda

Öflugt smærra ríki sem aðrir horfa til

6. Fulltrúi smárikis sem er minnimáttar

Fulltrúi skynsamlegra skoðana



Horft til framtíðar

- Stjórnarskrárbreyting nauðsynleg sbr.
 - „Aðalatriðið er að EES-samningurinn er í raun yfirþjóðlegur samningur“
- Aðild er flókið hagsmunamat en aldrei hægt að reikna út ávinning eða tap sbr. EES
- Aukin umræða – meiri sátt og sammæli
 - „Hvar og hvernig viljum við vera?“



Að lokum

Það fellur hér saman
flækjuleg reynsla. Hvort nýtist hún mér
til fullnaðarsöngva? Útmörk. Evrópa
endar hér.